

Fundargerð framkvæmdastjórnar KGRP

Þriðjudaginn 8. ágúst var sjöundi fundur ársins 2022 haldinn í framkvæmdastjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Fundurinn hófst kl. 08:00 í Fossvogi. Mætt: Egill Heiðar Gíslason formaður, Emilía G. Svavarsdóttir meðstjórnandi, sr. Helga Soffía Konráðsdóttir prófastur og Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri.

Helga Soffía las ritningarlestur og fór með bæn. Formaður setti fundinn og lagði fram dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Rekstraruppgjör janúar til júní 2022
3. Stefnumótun
4. Nýtt þjónustuhús í Kópavogsgarði
5. Starfsmannamál
6. Bálstofa
7. Afmæli Fossvogsgarðs
8. Önnur mál

1. Lögð var fram fundargerð síðasta fundar sem var samþykkt.
2. Kynnt var rekstraruppgjör janúar til júní 2022. Reksturinn er í ágætu horfi og rekstrarafgangur á þessu tímabili.
3. Framkvæmdastjóri fór yfir fyrstu drög og hugmyndir að stefnumótun. Gert er ráð fyrir að hafa samband við helstu hagsmunaaðila. Þá verði lögð áhersla á að virkja þann mannauð og þekkingu sem býr í starfsfólki KGRP. Fram kom ánægja með þau drög og hugmyndir sem liggja fyrir og hversu mikilvæg væri að þessi stefnumótun yrði framkvæmd.
4. Framkvæmdastjóri fór yfir hver staðan er varðandi afhendingu verktaka á þjónustuhúsnæðinu í Kópavogsgarði. Húsið hefur verið afhent en ennþá á eftir að ljúka plani, klæðningu og smávægilegu í rafmagni.
5. Framkvæmdastjóri fór almennt yfir starfsmannamál.
6. Farið var yfir málefni bálstofunnar. Ofnar eru orðnir gamlir og viðhaldsfrekir.
7. Fossvogsgarður verður 90 ára 2. September og var ákveðið að halda upp á það. Rætt var að hafa opið hús og fá sérfróðan aðila til að fara stuttlega yfir sögu garðsins ásamt því að bjóða upp á göngutúr með leiðsögn.
8. Undir liðnum önnur mál var rætt erindi sem hafði borist og framkvæmdastjóra falið að koma þeim í farveg.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 9:30.